

156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal 679 — 465. mál.

Skýrsla

**forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna
og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.**

(Lögð fyrir Alþingi á 156. löggjafarþingi 2025.)

Skýrsla þessi er lögð fyrir Alþingi í samræmi við ákvæði 5. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Þar segir að ráðherra skuli árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Skýrslan er sú fjórtánda í röðinni á jafnmörgum árum.

1. Almenn um þjóðlendur.

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (hér eftir nefnd löginn eða þjóðlendulögin). Í lögunum er fjallað um hvernig fara skuli með þjóðlendur, þ.m.t. leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þeirra og meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu. Með lögunum var jafnframt sett á fót sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, óbyggðanefnd, sem ætlað er að kanna og skera úr um hvaða landsvæði teljast til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. Forsætisráðherra fer með þau verkefni sem almennt fellur í hlut landeiganda að fjalla um og sinnir jafnframt öðrum stjórnarsýsluskuldum, lögum samkvæmt. Sveitarstjórn er jafnframt ætlað hlutverk við ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna.

Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram sú meginregla að enginn megi hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig. Til slíkra afnota telst meðal annars að reisa mannvirki, hvers konar jarðrask sem og nýting hlunninda, vatns- og jarðhitaréttinda. Öll slík afnot eru leyfisskyld eins og nánar er mælt fyrir um í lögunum. Þetta er þó með þeirri undantekningu að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja halda þeim rétti, sbr. 5. gr. laganna.

Leyfisveitingarhlutverkinu í þjóðlendum er skipt á milli ráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórna hins vegar, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna. Leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laganna. Skv. 4. mgr. 3. gr. er ráðherra jafnframt heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu ofangreindra réttinda. Í kafla níu er fjallað nánar um samninga sem gerðir hafa verið á þessum grundvelli. Að öðru leyti þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu. Hér fellur undir öll önnur nýting en sú sem ráðherra er falið að veita leyfi fyrir. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs gera löginn þó ráð fyrir að samþykki forsætisráðherra þurfi einnig fyrir nýtingunni, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna. Þó þarf samþykki forsætisráðherra fyrir allri nýtingu náma og annarra jarðefna, óháð tímalengd. Sveitarstjórn er með sama hætti og ráðherra heimilt að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar að fengnu samþykki forsætisráðherra.

Sérákvæði eru í lögum nr. 58/1998 um ráðstöfun tekna af leyfum til nýtingar lands og landsréttinda, sem sveitarstjórnir veita og skal þeim varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og annarra sambærilegra verkefna innan þjóðlendna. Það skilyrði er sett að tekjurnar renni til verkefna innan þjóðlendna í viðkomandi sveitarfélagi.

2. Störf óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd skipti meginlandinu upphaflega í 11 hluta sem auðkenndir voru sem svæði 1–11 og að jafnaði hefur eitt þessara svæða verið tekið til meðferðar í einu. Svæðum 7–10 var skipt frekar upp þannig að svæðin á meginlandinu urðu samtals sextán. Þá er sautjándi svæðið, sem auðkennt er sem svæði 12, utan strandlengju meginlandsins en innan íslenskrar landhelgi,

þ.e. tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem standa upp úr sjó á stórstraumsfjöru.

Samkvæmt upplýsingum frá óbyggðanefnd hefur nefndin úrskurðað um mörk þjóðlendna á svæðum 1–11 sem hér segir, sjá yfirlitskort yfir stöðu þjóðlendumála í viðauka:

- Svæði 1: Uppsveitir Árnessýslu. Úrskurðir í málum nr. 1–7/2000 kveðnir upp 21. mars 2002.
- Svæði 2: Sveitarfélagið Hornafjörður. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2001 kveðnir upp 14. nóvember 2003.
- Svæði 3: Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Úrskurðir í málum nr. 1–9/2003 kveðnir upp 10. desember 2004.
- Svæði 4: Suðvesturland. Úrskurðir í málum nr. 1–6/2004 kveðnir upp 31. maí 2006.
- Svæði 5: Norðausturland. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2005 kveðnir upp 29. maí 2007.
- Svæði 6: Austanvert Norðurland. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2007 kveðnir upp 6. júní 2008.
- Svæði 7A (7 suður): Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2008 kveðnir upp 19. júní 2009.
- Svæði 7B (7 norður): Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti. Úrskurðir í málum nr. 1–2/2009 kveðnir upp 10. október 2011.
- Svæði 8A (8 norður): Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2013 kveðnir upp 19. desember 2014.
- Svæði 8B (8 vestur): Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi, ásamt Langjökli. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2014 kveðnir upp 11. október 2016, 3. maí 2018 í enduruppteknum málum nr. 1–2/2014 og loks 21. júní 2019 í máli nr. 1/2014 eftir að málið var endurupptekið að nýju.
- Svæði 9A: Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandahreppi. Úrskurðir í málum nr. 1–3/2016 kveðnir upp 3. maí 2018.
- Svæði 9B: Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi. Úrskurðir í málum nr. 1–4/2018 kveðnir upp 15. ágúst 2019.
- Svæði 10A: Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Úrskurður í máli nr. 1/2019 kveðinn upp 21. febrúar 2020.
- Svæði 10C: Barðastrandarsýslur. Úrskurðir í málum nr. 1–4/2020 kveðnir upp 22. desember 2020.
- Svæði 10B: Ísafjarðarsýslur. Úrskurðir í málum nr. 1–8/2021 kveðnir upp 30. ágúst 2023.
- Landsvæði sem voru til meðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. Úrskurðir í málum nr. 1–5/2023 kveðnir upp 17. október 2024.
- Svæði 11: Austfirðir. Úrskurðir í málum nr. 1–4/2022 kveðnir upp 5. nóvember 2024.

Eftir uppkvaðningu úrskurða á svæði 11, hinn 5. nóvember 2024, hefur óbyggðanefnd lokið umfjöllun um 16 af 17 svæðum og málsmeðferð á meginlandinu er lokið. Niðurstaðan er að 36,6% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 63,4% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla.

Meginverkefni óbyggðanefndar árið 2024 sneru að málum á svæði 11, Austfjörðum, og málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, en með ákvæðinu var nefndinni heimildað að taka til meðferðar svæði sem áður hefðu sætt meðferðar hennar ef hún hefðu í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Á árinu var unnið að rannsókn þessara mála og úrskurðir kveðnir upp 17. október 2024 í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og 5. nóvember 2024 í málum á svæði 11. Með uppkvaðningu úrskurða á svæði 11 lauk málsmeðferð óbyggðanefndar á meginlandinu.

Á árinu var svæði 12, eyjar og sker, einnig til meðferðar. Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á svæðinu bárust óbyggðanefnd 2. febrúar 2024. Í kjölfarið kallaði óbyggðanefnd eftir kröfum þeirra sem kynnu að eiga öndverðra hagsmuna að gæta og veitti þeim kröfulýsingarfrest til 15. maí 2024. Áður en sá frestur rann út tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar. Endurskoðaðar kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd 9. október 2024. Í tilefni af endurskoðun krafna ríkisins var kröfulýsingarfrestur landeigenda framlengdur nokkrum sinnum til að tryggja að landeigendur hefðu tíma til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og hann var ekki runninn út í árslok.

3. Störf ráðuneytisins.

Í töflu eitt má sjá yfirlit yfir helstu verkefni ráðuneytisins á sviði þjóðlendumála og samanturð á fjölda erinda sem skráð eru hjá ráðuneytinu á milli ára. Á síðasta ári voru skráð 267 erindi. Eru það nokkuð færri erindi en á árinu 2023, þegar 282 erindi voru skráð en það ár var met fjöldi á skráningum erinda.

Helstu erindi á árinu 2024 voru umsagnir um skipulagstillögur, afmörkun lóða undir skála, gerð grunnsamkomulaga og drög að þeim ásamt erindum tengdum stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá, leyfi til nýtingar auðlinda og samþykki ráðuneytisins vegna leyfisveitinga sveitarfélaganna. Umsagnir um skipulagstillögur eru oft í kring um 35-40 erindi á ári. En á síðasta ári voru þær 29 talsins en árið 2023 voru þær 44 talsins. Erindi tengd umsóknum um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá voru 28 talsins á síðasta ári en á árinu 2023 voru þær 27 talsins. Afmörkun lóða undir skála og tengd erindi voru 36 í fyrra en árið þar á undan voru þau 28 talsins. Almennar fyrirspurnir voru 17 talsins í fyrra en árið 2023 voru þær 18 talsins. Gunnsamkomulög um lóðir og drög að þeim voru 19 talsins í fyrra en á þar síðasta ári voru þau 20 talsins.


Tafla 1: Fjöldi erinda á árunum 2012–2024.

Tegund erindis	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2012–2018
Leyfi til rannsókna	6	2	4	1	0	0	26
Afmörkun lóða undir skála og tengd erindi	36	28	54	15	1	14	120
Leyfi til framkvæmda	6	10	5	17	6	14	55
Umsagnir um skipulagstillögur	29	44	39	37	29	62	116

Leyfi til nýtingar auðlinda og samþykki fyrir leyfi hlutaðeigandi sveitarfélaga	16	17	8	1	7	7	16
Aðgangur að upplýsingum um þjóðlendulínur	8	13	5	10	7	16	132
Aðgangur að gögnum	5	6	1	2	3	1	134
Erindi tengd umsóknum um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá	28	27	7	76	3	13	92
Þjóðgarðar, önnur friðlýst svæði og erindi tengd þeim	10	6	0	10	3	3	13
Þinglýsingar og erindi tengd þeim	10	11	17	3	1	12	67
Gerð lóðarleigusamninga innan þjóðlendna og erindi tengd gerð lóðarleigusamninga	13	20	11	6	1	3	66
Grunnsamkomulag að lóðum og drög að þeim	19	20	27	5	3	8	21
Kortlagning réttinda	7	3	2	2	0	2	13
Erindi tengd landsáætlun um uppbyggingu innviða, landsskipulagsstefnu, landupplýsingum og lýsigagnagátt	8	6	3	9	1	4	23
Upplýsingar frá óbyggðanefnd	8	6	2	1	3	2	12
Örnefni á hálendinu og landamerki	6	1	5	2	0	2	10
Almennar fyrirspurnir	17	18	9	7	8	17	54
Önnur erindi	29	39	12	10	31	31	102
Erindi tengd kolefnisbindingu	2	5	2	0	0	0	0
Erindi tengd jöklaferðum	4	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd erindi	267	282	213	214	107	211	1.072

Áhugavert er að skoða í hvaða mánuðum flest erindi eru skráð. Mynd númer eitt sýnir fjölda erinda sem skráð voru á síðasta ári, sundurliðuð eftir mánuðum.

Erindi sem ráðuneytið skráði á síðasta ári voru á bilinu níu til 49 á mánuði. Í janúar í fyrra voru t.a.m. skráð 49 erindi, mörg þeirra mála varða afmörkun lóða undir fasteignir, gerð grunnsamkomulaga um þær auk þess sem almennar fyrirspurnir eru algengar í janúar. Á síðasta ári voru 68 erindi eingöngu tengd lóðamálum, s.s. afmörkun lóða, gerð lóðarleigusamninga og gerð grunnsamkomulaga. Athygli vekur að a.m.k. níu eða fleiri erindi eru skráð í hverjum mánuði á síðasta ári. Yfirleitt hafa verið skráð fá erindi yfir hásumarið, í júní, júlí eða ágúst. Á síðasta ári voru skráð 46 erindi yfir hásumar.



Mynd 1: Fjöldi erinda í heild eftir mánuðum.

4. Störf samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna.

Samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Í henni eiga sæti fulltrúi forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, fulltrúar þeirra ráðherra er fara með skipulagsmál, ferðamál, sveitarstjórnarmál, málefni iðnaðar og málefni landbúnaðar, tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs.

Tvær breytingar urðu á nefndarskipan á síðasta ári. Ólafur Friðriksson lét af störfum í nefndinni sem fulltrúi matvælaráðherra og Ásta Einarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar tók við í hans stað. Í júní 2024 voru gerðar breytingar á lögum nr. 58/1998, með þeim hætti að fulltrúi þess ráðherra er fer með ferðamál sem og fulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs eigi sæti í nefndinni. María Reynisdóttir, sérfræðingur á skrifstofu viðskipa- og ferðamála í

menningar- og viðskiptaráðuneytinu er fulltrúi þess ráðherra í nefndinni. Engin viðbrögð hafa borist frá Vatnajökulsþjóðgarði vegna tilnefningar nefndarmanns í nefndina.

Aðrir nefndarmenn eru Regína Sigurðardóttir, formaður og fulltrúi forsætisráðuneytisins, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, fulltrúi innviðaráðuneytisins, Hafsteinn S. Hafsteinsson, fulltrúi umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins, Katrín Sigurjónsdóttir og Valtýr Valtýsson fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Alls hélt samstarfsnefndin sex fundi á síðasta ári og lögð voru 39 erindi fyrir nefndina. Eru það töluvert færri erindi en lögð voru fyrir nefndina á árinu 2023 þegar þau voru 53. Flest þau erindi sem fjallað var um á fundum nefndarinnar vörðuðu umsagnir um skipulagsáætlanir.

5. Stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá.

Þjóðlendum eru fasteignir í skilningi laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, og er því nauðsynlegt að stofna þær í fasteignaskrá. Slík skráning er einnig forsenda þess að hægt sé að skilgreina og veita lóðarréttindi í þjóðlendum. Samkvæmt sömu lögum skal leggja fram umsóknir um stofnun fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi. Það er því verkefni sveitarfélaga að stofna þjóðlendum í fasteignaskrá, í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), að fenginni umsókn forsætisráðuneytisins.

Gögn sem fylgja umsókn ráðuneytisins um stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar, dómur dómstóla (ef við á) og svokallað landspildublað (sjá dæmi um landspildublað í viðauka). Landspildublaðið er uppdráttur sem sýnir afmörkun þjóðlendunnar að fenginni niðurstöðu óbyggðanefndar eða dómstóla. Landspildublaðið er unnið í ráðuneytinu með aðstoð kortagerðarfyrirtækisins Landforms ehf. Á landspildublaðinu koma eftirfarandi upplýsingar meðal annars fram: hnitaskrá, skýringar á táknum, flatarmál landspildu, mælikvarði, hnitakerfi, reitur til að setja inn landnúmer þjóðlendu (fasteignar) og reitur til að setja inn samþykkt sveitarstjórnar. Við vinnslu landspildublaða þarf að bera saman allar línur sem settar eru fram á landspildublaðinu við úrskurð óbyggðanefndar eða dómsorð dómstóla. Lesa þarf línur nákvæmlega og gæta þess að þær séu dregnar rétt í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar eða dóma. Sé lýsing á línunum í úrskurði eða dómi óskýr eða ónákvæm skal láta textann ráða, en hann er ávallt réttþærri en hnit og afmarkanir sem fram koma á landspildublaði.

Fyrir árið 2012 höfðu aðeins fjórar þjóðlendum verið stofnaðar í fasteignaskrá. Um er að ræða þjóðlendurnar Rangárvallafrétt í Rangárþingi ytra, Álftaversafrétt, Síðumannafrétt og Skaftártunguafrétt, allar í Skaftárhreppi. Á árinu 2012 voru 58 umsóknir um stofnun þjóðlendna sendar til sveitarfélaga á svæðum 1–5. Á árinu 2013 voru 25 umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá sendar sveitarfélögum á svæðum 1–6. Á árinu 2014 voru fimm umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá sendar sveitarfélögum á svæðum 5, 7A og 7B. Á árinu 2015 voru þrjár umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá sendar hlutaðeigandi sveitarfélögum á svæðum 7A og 7B. Á árinu 2016 voru hlutaðeigandi sveitarfélögum sendar átta umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá. Árið 2017 voru tíu umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá sendar hlutaðeigandi sveitarfélögum. Engar umsóknir um stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá voru sendar til sveitarfélaga á árinu 2018. Á árinu 2019 voru fjórar umsóknir um stofnun þjóðlendna sendar til hlutaðeigandi sveitarfélaga á svæði 3 og 7B, nánar tiltekið til Rangárþings ytra, Ásahrepps og Dalvíkurbyggðar. Engin umsókn um stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá var send til sveitarfélaga á árinu 2020. Á árinu 2021 voru þrjár umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá sendar til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Ein umsókn var send til Þingeyjarsveitar, *Selland og afréttarland Skútustaða* og tvær til

Húnavatnshrepps *Auðkúluheiði* og *Kornsártungur*. Árið 2022 sendi ráðuneytið sjö umsóknir um stofnun þjóðlendna til hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Á árinu 2023 sendi ráðuneytið einnig sjö umsóknir um stofnun þjóðlendna til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Tvær umsóknir fóru til Þingeyjarsveitar, ein til Múlaþings, ein til Ásahrepps, ein til Rangárþings eystra, ein umsókn til Skaftárhrepps og loks ein umsókn til Sveitarfélagsins Hornafjarðrar.

Á síðasta ári sendi ráðuneytið 16 umsóknir um stofnun þjóðlendna til hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Ráðuneytið hefur því sent alls 147 umsóknir um stofnun þjóðlendna til hlutaðeigandi sveitarfélaga á landinu og sveitarfélögin hafa samþykkt að stofna 109 þjóðlendum af þeim 147 umsóknum sem ráðuneytið hefur sent, sbr. kafla sex hér að neðan um þinglýsingu eignarheimilda íslenska ríkisins á þjóðlendum en þar má sjá að ráðuneytið hefur þinglýst eignarheimildum ríkisins á allar þær þjóðlendum sem hafa verið samþykktar af sveitarfélögunum.

6. Þinglýsing eignarheimilda á þjóðlendum.

Þegar þjóðlenda hefur verið skráð í landskrá fasteigna hjá HMS hefur hún þar með verið stofnuð í fasteignaskrá. Við stofnunina fær viðkomandi þjóðlenda landnúmer, þá fyrst er hægt að huga að þinglýsingu eignarheimilda íslenska ríkisins á viðkomandi þjóðlendu (fasteign). Þegar ráðuneytið sendir erindi til viðkomandi sýslumannsembættis, í framhaldi af stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá, með ósk um þinglýsingu eignarheimilda á viðkomandi fasteign, fylgir útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar, dómur dómstóla ef við á og landspildublað þar sem fram kemur samþykki sveitarstjórnar eða skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir stofnun þjóðlendunnar.

Ráðuneytið hefur á undanförnum árum unnið að þinglýsingu eignarheimilda íslenska ríkisins á þjóðlendum. Árið 2010 var eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á fjórar þjóðlendum. Á árinu 2014 var eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á 11 þjóðlendum og á árinu 2015 var eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á átta þjóðlendum. Árið 2016 var eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á 20 þjóðlendum. Árið 2017 var eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á átta þjóðlendum. Árið 2018 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á fimm þjóðlendum og árið 2019 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á 12 þjóðlendum. Af þessum 12 þinglýsingum voru fjórar sendar til hlutaðeigandi sýslumannsembætta árið 2018 og þær færðar í þinglýsingarbækur hjá sýslumönnum í byrjun árs 2019. Árið 2020 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á eina þjóðlendu, nánar tiltekið þjóðlenduna *Landsvæði sunnan Víðidals-tunguheiðar*. Árið 2021 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á þrjár þjóðlendum, þ.e. *Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna*, *Veðurárdalssvæðið norðvestan Hvítingsdals* og *Landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna, austurhluti*. Á árinu 2022 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á 16 þjóðlendum. Árið 2023 þinglýsti ráðuneytið eignarheimildum á 11 þjóðlendum og á síðasta ári var eignarheimildum þinglýst á tíu þjóðlendum eins og sjá má í töflu tvö. Ráðuneytið hefur því þinglýst eignarheimildum á 109 þjóðlendum.

Tafla 2: Þinglýsing eignarheimilda á árinu 2024.

Heiti þjóðlendu	Landnúmer	Sent í þinglýsingu	Innfært hjá sýslumanni
Langjökull, suðaustur, hlui Langjökuls í Bláskógabyggð	238211	24.10.24	31.10.24
Blágnípujökull, hluti Hofsjökuls í Bláskógabyggð	238151	24.10.24	31.10.24
Þjórsárjökull	238138	28.11.24	19.12.24
Brattöldujökull	238150	24.10.24	31.10.24
Laugafell, Fjöllin austur	237821	11.07.24	16.08.24
Landsvæði norðan Þjóðfells	237085	18.01.24	23.01.24
Skeiðarárjökull, suður	236862	15.01.24	22.01.24
Eyjafjallajökull	236926	11.01.24	18.01.24
Köldukvíslarjökull	236891	18.06.24	26.06.24
Eyvindarstaðarheiði	236698	11.01.24	16.01.24

7. Stofnun lóða í fasteignaskrá.

Eftir að þjóðlenda hefur verið stofnuð í fasteignaskrá og eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst er hægt að stofna lóðir innan þjóðlendunnar og gera lóðarleigusamninga um nýtingu lands eða landsréttinda.

Til að stofna lóð þarf ráðuneytið sem landeigandi að fylla út umsóknareyðublað nr. F-550 frá HMS og senda til hlutaðeigandi sveitarfélags. Sveitarfélagið í samstarfi við HMS stofnar síðan lóðina í sameiningu.

Allar lóðir sem stofnaðar eru í þjóðlendum þarf að auglýsa, sé fyrirhugað að reka þar einhverja þjónustu, enda um takmörkuð gæði að ræða í eigu ríkisins. Þeim skal því ekki úthlutað til annarra aðila án auglýsingar.

Hinn 14. júní 2017 gerðu ráðuneytið og Fljótsdalshreppur með sér fyrsta svokallaða grunn-samkomulagið um rétt til afnota af lóðarréttindum að lóðinni Laugarfelli (landnúmer 220882) í þjóðlendunni Vesturöræfum (þeim hluta sem tilheyrir Fljótsdalshreppi). Með þessu grunn-samkomulagi tók ráðuneytið upp nýtt verklag á haustdögum 2017 við stofnun lóða innan þjóð-lendna. Með hverri stofnaðri lóð er gert grunnsamkomulag milli sveitarfélagsins og forsætisráðuneytisins um not af viðkomandi lóð. Það helst því í hendur að gera grunnsamkomulag og stofna lóð. Í slíku grunnsamkomulagi koma eftirfarandi upplýsingar fram: hverjir samningsaðilar eru, heiti þjóðlendunnar og mörk hennar, heimildir 3. mgr. 3. gr. þjóðlendu-laga eru tíundaðar, hnit lóðarinnar, öll mannvirki sem eru á viðkomandi lóð, heimild sveitarfélags til afnota af lóðinni, nýting á heitu og köldu vatni, fyrirhuguð nýting/framkvæmdir á lóðinni og heimildir til framleigu lóðarinnar.

Á árinu 2020 hófst vinna við að stofna fjórar lóðir í Bláskógabyggð, þ.e. Svartárbotna, Fremstaver, Bratta og Skálpanes. Stofnun lóðanna er ekki lokið en drög að grunnsamkomulögum um lóðirnar hafa verið send sveisarfélaginu.

Á árinu 2021 var hafist handa við að stofna lóð í Geldingafelli í Bláskógabyggð, á síðasta ári var hafist handa við að stofna lóðir við Bjarnalækjabotna, Gljúfurleit og Tjarnarver í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Stofnun lóðanna er ekki lokið en drög að grunnsamkomulögum hafa verið sendi sveisarfélaginu. Til viðbótar við hina eiginlegu lóðastofnun setja ýmsir aðilar sig reglulega í samband við ráðuneytið varðandi leiðbeiningar og leiðsögn um hvernig fara á að við stofnun lóða. Lóðastofnunin er í flestum tilfellum til komin annaðhvort vegna skála sem eru innan þjóðlendna eða skála sem fyrirhugað er að reisa þar.

Eins og sést í töflu þrjú hafa verið stofnaðar 150 lóðir innan þjóðlendna. Á síðasta ári voru Rangárþing eystra, Hrunamannahreppur og Húnabyggð áberandi í því að óska eftir stofnun lóða í þjóðlendum. Mikil vinna fer nú farm í Rangárþingi eystra, en sveisarfélagið hefur lagt áherslu á að fara yfir lóðarmál í þjóðlendum og koma þeim á hreint hjá sér. Liður í því er m.a. að fara yfir hvaða mannvirki eru í þjóðlendum innan sveisarfélagsins sjá hvar þarf að stofna lóðir utan um þau. Í þessu samhengi óskaði Rangárþing eystra eftir því að við ráðuneytið að stofnaðar yrðu 21 lóð á Þórsmekursvæðinu. Lóðirnar hafa ekki verið stofnaðar en drög að grunnsamkomulagi um allar lóðirnar hafa verið sendar til yfirlestrar hjá sveisarfélaginu. Stofnaðar voru fimm lóðir í undir fjallaskála á Hrunamannafrétti í Hrunamannahreppi. Lóðirnar hafa allar verið stofnaðar í fasteignaskrá HMS og lokið hefur verið við að gera grunnsamkomulag um þær. Húnabyggð óskaði eftir því að stofnaðar yrðu þrjár lóðir í þjóðlendu á síðasta ári, allar á Hveravöllum. Sveisarfélagið heldur því uppteknum hætti en á árinu 2023 óskaði það eftir því að tíu lóðir yrðu stofnaðar í þjóðlendum innan sveisarfélagsins.

Af þessum 150 lóðum hefur hlutaðeigandi sveisarfélögum verið send drög að grunnsamkomulagi í 104 tilvikum og af þeim er gerð grunnsamkomulags lokið í 43 tilvikum.

Tafla 3: Stofnun lóða og gerð grunnsamkomulags.

Heiti lóðar	Lóð stofnuð í fasteigna skrá	Drög að grunnsamkomulagi send sveisarfélagi	Grunnsamkomulag tilbúið	Sveisarfélag
1) Laugarfell	X	X	X	Fljótsdalshreppur
2) Þverbrekknarmúli	X	X	X	Bláskógabyggð
3) Hlöðuvellir – hesthús	X	X		Bláskógabyggð
4) Kerlingarfjöll	X	X		Hrunamannahreppur
5) Snæfell	X	X		Múlaþing
6) Vikraborgir	X	X		Þingeyjarsveit
7) Hlöðuvellir – Skálabygging	X	X	X	Bláskógabyggð
8) Hvanngil S-1	X	X	X	Rangárþing ytra
9) Hvanngil S-2	X	X	X	Rangárþing ytra
10) Hvanngil V 1	X	X	X	Rangárþing ytra

11) Hvanngil VS 1	X	X	X	Rangárþing ytra
12) Hvanngil VS 2	X	X	X	Rangárþing ytra
13) Vatnsfell	X	X	X	Ásahreppur
14) Skrokkalda	X	X		Ásahreppur
15) Fremstatunga (Þóristungur) við Hrauneyjar	X	X	X	Ásahreppur
16) Símahúsið á Urðum	X			Vopnafjarðarhreppur
17) Drekgil – tjaldsvæði	X			Þingeyjarsveit
18) Drekgil – tjaldsvæði	X			Þingeyjarsveit
19) Fjall II a	X			Sveitarfélagið Hornafjörður
20) Fjallsárlón – deiliskipulags- svæðið	X			Sveitarfélagið Hornafjörður
21) Hald á Holta- mannaafretti	X	X	X	Ásahreppur
22) Hvanngil – lóð	X			Rangárþing ytra
23) Hvanngil	X			Rangárþing ytra
24) Kistufell – neyðarskýli	X			Þingeyjarsveit
25) Drekgil 2 (Dreki, svefn- skáli)	X			Þingeyjarsveit
26) Drekgil 3 (Fjólubúð)	X			Þingeyjarsveit
27) Drekgil 1 (snyrtihús)	X			Þingeyjarsveit
28) Drekgil 5 (Fjallskálinn Höttur)	X			Þingeyjarsveit
29) Grastangi við Þórisvatn (vatnamælinga- hús)	X	X		Ásahreppur
30) Álftavatn S1	X	X	X	Rangárþing ytra
31) Álftavatn S2	X	X	X	Rangárþing ytra
32) Álftavatn S3	X	X	X	Rangárþing ytra
33) Álftavatn V1	X	X	X	Rangárþing ytra
34) Álftavatn VS1	X	X	X	Rangárþing ytra

35) Hungurfit Þ1	X	X	X	Rangárþing ytra
36) Hungurfit Þ2	X	X	X	Rangárþing ytra
37) Hungurfit Þ3	X	X	X	Rangárþing ytra
38) Krókur Þ1	X	X	X	Rangárþing ytra
39) Krókur Þ2	X	X	X	Rangárþing ytra
40) Krókur Þ3	X	X	X	Rangárþing ytra
41) Hörðubreiðarháls	X			Skaftárhreppur
42) Laufafell	X	X		Rangárþing ytra
43) Langisjór (snyrtihús)	X	X		Skaftárhreppur
44) Búðarháls (tengivirki og stöðvarhús)	X			Ásahreppur
45) Drekgil 4 (landvarðahús)	X			Þingeyjarsveit
46) Eldgjá (bíla-stæðalóð)	X			Skaftárhreppur
47) Bræðrafell (skáli Ferða-félags Akureyrar)	X	X	X	Þingeyjarsveit
48) Hólaskjól (gangnamanna-skáli)	X	X		Skaftárhreppur
49) Ökugerði við Bolöldu	X	X		Sveitarfélagið Ölfus
50) Hjálparfoss (salernishús)	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
51) Þóristungur við Hrauneyjar	X	X		Ásahreppur
52) Drekgil (þjónustusvæði tjaldsvæðis)	X	X	X	Þingeyjarsveit
53) Lóð 1 við Hóla-skóg – fjalla-skáli	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
54) Lóð 2 við Hóla-skóg – gamall gangnamanna-skáli og fornminjar	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
55) Lóð 4 við Hóla-skóg – safngirðing	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur

56) Lóð 5 við Hóla-skóg – gangna-mannaskáli og hesthús	X	X		Skeiða- og Gnúpverja-hreppur
57) Fremstaver	X	X		Bláskógabyggð
58) Skálpanes	X	X	X	Bláskógabyggð
59) Bratti		X		Bláskógabyggð
60) Svartárbotnar	X	X	X	Bláskógabyggð
61) Lóð 2 – Vélíþróttaklúbburinn VÍK við Bolaöldur	X			Sveitarfélagið Ölfus
62) Hrauneyjar, þjónustuhús	X	X	X	Rangárþing ytra
63) Árbúðir	X	X	X	Bláskógabyggð
64) Geldingafell 1	X	X		Bláskógabyggð
65) Geldingarfell 2	X	X		Bláskógabyggð
66) Lækjarbotna-land 59A	X			Kópavogsbær
67) Lækjabotna-land 59B	X			Kópavogsbær
68) Bláfjallaleið 5 (ljósviti)	X			Kópavogsbær
69) Bláfjallaleið 4 (spennistöð Veitna)	X			Kópavogsbær
70) Bláfjallaleið 10	X			Kópavogsbær
71) Bláfjallaleið 11	X			Kópavogsbær
72) Bláfjallaleið 12	X			Kópavogsbær
73) Bláfjallaleið 13, skúr við skíðalyftu	X			Kópavogsbær
74) Bláfjallaleið 14	X			Kópavogsbær
75) Bláfjallaleið 15, Drottningin skíðalyfta	X			Kópavogsbær
76) Bláfjallaleið 16	X			Kópavogsbær
77) Bláfjallaleið 17	X			Kópavogsbær
78) Bláfjallaleið 18	X			Kópavogsbær
79) Bláfjallaleið 19	X			Kópavogsbær
80) Bláfjallaleið 20	X			Kópavogsbær

81) Bláfjallaleið 21	X			Kópavogsbær
82) Bláfjallaleið 22	X			Kópavogsbær
83) Bláfjallaleið 23	X			Kópavogsbær
84) Bláfjallaleið 24	X			Kópavogsbær
85) Bláfjallaleið 25	X			Kópavogsbær
86) Bláfjallaleið 26	X			Kópavogsbær
87) Bláfjallaleið 27	X			Kópavogsbær
88) Bláfjallaleið 28	X			Kópavogsbær
89) Bláfjallaleið 29	X			Kópavogsbær
90) Bláfjallaleið 30 (lóð undir starfsemi Skíðagöngu- félagsins Ulla)	X	X		Kópavogsbær
91) Drottningin - Bláfjallaleið 3	X	X		Sveitarfélagið Ölfus
92) Reykholt í Þjórsárdal, lóð A	X	X	X	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
93) Reykholt í Þjórsárdal, lóð B	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
94) Bjarnalækjar- botnar		X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
95) Gljúfurleit		X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
96) Tjarnarver		X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur
97) Múlaskáli í Lónsöræfum við Kollumúla	X	X		Sveitarfélagið Hornafjörður
98) Lóð undir hesthús á Auðkúluheiði	X	X		Húnabyggð
99) Lóð undir vatnsból á Auðkúluheiði	X	X		Húnabyggð
100) Lóð undir gangnamanna- skála og hesthúsvið Kúluvísl á Auðkúluheiði	X	X		Húnabyggð
101) Lóð undir hesthús við	X	X		Húnabyggð

Friðmundar- vötn á Auðkúluheiði				
102) Lóð undir mannvirki við Þríhnúkaígga	X			Kópavogsbær
103) Illugaver á Holtamanna- afrétti	X	X		Ásahreppur
104) Sylgjufell á Holtamanna- afrétti	X	X		Ásahreppur
105) Lindarkot á Holtamanna- afrétti	X	X		Ásahreppur
106) Þúfuvatna- skáli á Holtamanna- afrétti	X	X		Ásahreppur
107) Lóð utan um flugvöll við Blöndulón		X	Sveitarfélagið hætti við að stofna lóðina	Húnabyggð
108) Hveravellir, þjónustulóð		X		Húnabyggð
109) Hveravellir, hesthús	X	X	X	Húnabyggð
110) Hveravellir, vatnsból	X	X	X	Húnabyggð
111) Ströngu- kvíslarskáli				Húnabyggð
112) Áfangaskáli	X			Húnabyggð
113) Álkuskáli	X			Húnabyggð
114) Galtará				Húnabyggð
115) Friðmundar- vötn	X	X	X	Húnabyggð
116) Kúlukvísl	X	X	X	Húnabyggð
117) Fossavalla- afrétt	X	X		Kópavogsbær
118) Lóð 1 utan um Þjóðveldisbæin n í Þjórsárdal	X	X	X	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
119) Lóð 2 utan um Þjóðveldisbæin n í Þjórsárdal	X	X		Skeiða- og Gnúpverjahreppur

120) Hreysiskvísl á Holtamannaafretti	X	X	X	Ásahreppur
121) Lóð undir vindorkuver við Vaðöldu	X	X		Rangárþing ytra
122) Lóð undir gamla afréttarskálinn á Hveravöllum	X	X	X	Húnabyggð
123) Hveravellir, sæluhús	X	X	X	Húnabyggð
124) Hveravellir, veðurathugunarstöð	X	X	X	Húnabyggð
125) Skagfjörðsskáli í Langadal		X		Rangárþing eystra
126) Skáldagil í Langadal		X		Rangárþing eystra
127) Emstrur lóð 1		X		Rangárþing eystra
128) Emstrur lóð 2		X		Rangárþing eystra
129) Emstrur lóð 3		X		Rangárþing eystra
130) Emstrur lóð 4		X		Rangárþing eystra
131) Lóð við Efri-Kisubotna á Hrunamannaafretti	X	X	X	Hrunamannahreppur
132) Grákollur á Hrunamannaafretti	X	X	X	Hrunamannahreppur
133) Leppistungur á Hrunamannaafrettir	X	X	X	Hrunamannahreppur
134) Helgaskáli (Tangi) á Hrunamannaafretti	X	X	X	Hrunamannahreppur
135) Svínárnes á Hrunamannaafretti	X	X	X	Hrunamannahreppur
136) Húsadalur í Þórsmörk lóð 1		X		Rangárþing eystra

137) Húsadalur í Þórsmörk lóð 2		X		Rangárþing eystra
138) Húsadalur í Þórsmörk lóð 3		X		Rangárþing eystra
139) Húsadalur í Þórsmörk lóð 4		X		Rangárþing eystra
140) Húsadalur í Þórsmörk lóð 5		X		Rangárþing eystra
141) Húsadalur í Þórsmörk lóð 6		X		Rangárþing eystra
142) Húsadalur í Þórsmörk lóð 7		X		Rangárþing eystra
143) Húsadalur í Þórsmörk lóð 8		X		Rangárþing eystra
144) Húsadalur í Þórsmörk lóð 9		X		Rangárþing eystra
145) Goðaland í Þórsmörk lóð 1		X		Rangárþing eystra
146) Goðaland í Þórsmörk lóð 2		X		Rangárþing eystra
147) Goðaland í Þórsmörk lóð 3		X		Rangárþing eystra
148) Goðaland í Þórsmörk lóð 4		X		Rangárþing eystra
149) Goðaland í Þórsmörk lóð 5		X		Rangárþing eystra
150) Slyppugil í Þórsmörk		X		Rangárþing eystra

8. Kortlagning réttinda innan þjóðlendna.

Frá árinu 2012 hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því að afla upplýsinga um og kortleggja nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna í því skyni að fá yfirsýn yfir afnot innan þjóðlendna og þá starfsemi sem þar er stunduð. Upplýsinga hefur verið aflað frá sveitarstjórnnum, frá Jökjarannsóknafélagi Íslands (JÖRFÍ), Neyðarlínunni ohf., af heimasíðu Ferðafélags Íslands (FÍ) og úr bók Jóns G. Snælands, *Fjallaskálum á Íslandi* (2010). Loks hefur ráðuneytið óskað eftir upplýsingum frá Landsneti, Landsvirkjun og Vegagerðinni um línur, strengi, aflstöðvar, stíflur, stöðvarhús og námur sem finna má innan þjóðlendna.

Á yfirlitskorti yfir skála og fjarskiptamöstur, sem finna má í viðauka, má sjá hvar skálar og möstur eru staðsett. Athyglisvert er hversu margir skálar eru á Suðurlandi. Þá sést á kortinu að víða um land eru fjarskiptamöstur Neyðarlínunnar ohf.

Á yfirlitskorti yfir vatns- og jarðhitanoftun, sem finna má í viðauka, eru upplýsingar sem fengnar eru úr skýrslu sem Orkustofnun vann fyrir ráðuneytið árið 2012. Á kortinu má sjá að vatns- og jarðhitanoftun er þó nokkur innan þjóðlendna. Kaldavatnsborholur eru algengastar en finna má alls 81 kaldavatnsborholu í borholuskrá Orkustofnunar. Samkvæmt skýrslu Orkustofnunar má gera ráð fyrir því að margar þessara borholna hafi verið boraðar í tengslum við rannsóknir vegna vatnsorkuvera en ekki til að bora eftir neysluvatni. Í borholuskrá Orkustofn-

unar eru 36 holur innan þjóðlendna skráðar sem heitavatns- eða gufuholur. Þær eru flestar á Suðurlandi.

Vatns- eða gufutaka innan þjóðlendna er helst í tengslum við Hellsheiðarvirkjun auk þess sem nokkrar nýtingarholur eru í Kerlingarfjölum.

Brunnsvæði er sá hluti vatnsverndarsvæðis sem er í næsta nágrenni við vatnsból. Brunnsvæði geta gefið nokkra vísbendingu um hvar vatn er tekið upp þegar engar aðrar upplýsingar um vatnsveitu eru fyrir hendi á svæðinu. Brunnsvæði má finna á nokkrum stöðum innan þjóðlendna. Það eina sem hægt er að staðsetja með nokkurri nákvæmni er í Sveitarfélaginu Ölfusi, önnur gögn eru ekki nægjanlega nákvæm.

Í viðauka er kort yfir háspennulínur og háspennustrengi Landsnets innan þjóðlendna. Þar sést að Landsnet hefur háspennulínur á fjórum svæðum á landinu innan þjóðlendna en háspennustrengir eru aðeins á einum stað, það er svokölluð Nesjavallalína 2.

Á miðhálandinu, í uppsveitum Árnessýslu og í Rangárþingi ytra eru Sigöldulína 4, Sultartangalína 1 og Búrfellslína 2 innan þjóðlendna. Nánar tiltekið innan Norðanverðs Þingvallakirkjulands, Grímsnesafréttar, Laugardalsfréttar, Hrunamannafréttar, Hrunaheiða, Flóa- og Skeiðamannafréttar, Gnúpverjafréttar, Landgræðslusvæðis í Þjórsárdal, Búrfells- og Skelja-fellssvæðis, Landmannafréttar, Holtamannafréttar og Skaftártunguafréttar.

Á svæði 4 eru Kópavogsbær, Reykjavíkurborg og Sveitarfélagið Ölfus með eftirtaldar háspennulínur og strengi innan sinna marka: Nesjavallalínu 1, Nesjavallalínu 2, Sogslínu 2, Sogslínu 3 (jarðstreng), Kolviðarhóslínu 1 og Búrfellslínu 3.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði liggur Prestbakkalína 1 innan þriggja þjóðlendna, þ.e. Fjalls, Breiðármákar og Jökulsárlóns.

Á Norðurlandi liggur aðeins ein háspennulína frá Landsneti innan þjóðlendna, Rangárvallalína 1, sem liggur innan þjóðlendnanna Silfrastaðafréttar og Bakkasels.

Upplýsingar um starfsemi Landsvirkjunar auk Orkuveitu Reykjavíkur innan þjóðlendna má sjá á korti í viðauka. Á kortinu má sjá að Landsvirkjun hefur umfangsmikla starfsemi á Suðurlandi. Þar má finna eftirtaldar virkjanir innan þjóðlendna: Búrfellsvirkjun, Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigöldu- og Vatnsfellsvirkjun. Á þessu svæði eru auk þess tvær tímabundnar vindaflsstöðvar H á kortinu. Landsvirkjun áformar einnig uppbyggingu vindorkuvers við Vaðöldu. Vonir standa til að starfsemi vindorkuversins geti hafist í lok árs 2026. Nánar er fjallað um vindorkuverið við Vaðöldu í kafla tíu hér síðar í skýrslunni.

Á Norðurlandi eru stíflur og Blöndulón sem tengist starfsemi Blönduvirkjunar, innan þjóðlendu, sem og veituskurður, en virkjunin sjálf er utan þjóðlendu. Á Austurlandi eru stíflur og Háslón sem tengist starfsemi Kárahnjúkavirkjunar, innan þjóðlendu. Háslón er innan þjóðlendnanna Brúaröræfa og Vesturöræfa. Hellsheiðarvirkjun sem Orkuveita Reykjavíkur rekur er eina jarðvarmavirkjunin sem er í þjóðlendu, merkt J inni á kortinu sem sjá má í viðauka.

Við kortlagningu á nýtingu Vegagerðarinnar á landi innan þjóðlendna í formi efnistöku/náma var notast við upplýsingar frá Vegagerðinni sem byggðar voru á vegasjá (kortasjá) sem finna má á vefnum www.namur.is. Þar sést að ekki eru margar námur innan þjóðlendna í notkun. Ein þeirra er á Holtamannafrétti, önnur á norðanverðu Þingvallakirkjulandi og svo eru fjórar námur í notkun á Ölfusafrétti og Selvogsfrétti. Engar skráðar upplýsingar er að finna um efnistöku úr fjölda náma innan þjóðlendna, einkum á miðhálandinu á svæðum eins og Holtamannafrétti, Landmannafrétti og Fljótshlíðarafrétti. Auk þess er mikill fjöldi óskráðra náma á Biskupstungnafrétti og á Auðkúluheiði. Vegagerðin hefur lokið efnistöku í námum á þó nokkrum stöðum. Hefur stofnunin þannig lokið efnistöku á svæðum á Rangár-

vallaafrétti, Landmannaafrétti og norðanverðu Þingvallakirkjalandi og á Ölfusafrétti og Selvogsafrétti sem og á Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands. Þegar skoðaður er frágangur á námum hjá Vegagerðinni sést að stór hluti þeirra er fullfrágenginn. Helst er ófrágengnar námur að finna á Auðkúluheiði.

Tekið skal fram að öll kortin sem vísað er til eru enn í vinnslu, auk þess sem þau eru ekki tæmandi og frekari upplýsingar geta bæst við síðar.

9. Tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna og ráðstöfun þeirra.

Eitt meginhlutverk forsætisráðuneytisins samkvæmt þjóðlendulögunum er ráðstöfun lands og landsréttinda með leyfisveitingu og samningum um endurgjald fyrir nýtingu, að taka afstöðu til og samþykkja ráðstöfun lands og landsréttinda sem sveitarfélög veita leyfi fyrir og er ætlað að vara lengur en í eitt ár.

Landi og landsréttindum hefur ekki verið ráðstafað í miklum mæli á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Kemur þar margt til, en einkum varfærni í ráðstöfun lands og landsréttinda sem er til þess fallin að tryggja að ekki sé raskað að óþörfu og af vangá því landi og landsréttindum sem nú falla undir þjóðlendur.

Umsvifamikil fyrirtæki eins og Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Landsnet nýta auðlindir og stór landsvæði innan þjóðlendna. Margar virkjana Landsvirkjunar eru innan þjóðlendna, en Búrfellsstöð, Sultartangastöð, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossstöð og Sigöldustöð eru allar innan þjóðlendna eins og fyrr segir. Orkuveita Reykjavíkur er með fjölmargar borholur og nýtingarholur við Hellisheiði þar sem heitt vatn er nýtt. Landsnet er með umfangsmikla nýtingu innan þjóðlendna. Háspennulínur og háspennustrengir fyrirtækisins liggja vítt og breitt innan þjóðlendna og flytja raforku á milli svæða. Ráðuneytið og Landsvirkjun hafa gert með sér samkomulag um greiðslur vegna Sultartangavirkjunar, Hrauneyjarfossvirkjunar, Sigölduvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, Vatnsfellsvirkjunar og Búðarhálsvirkjunar. Landsvirkjun greiðir um 90 m. króna fyrir nýtingu á vatns- og landsréttindum innan þjóðlendna árlega. Enn á eftir að semja við Orkuveitu Reykjavíkur og Landsnets vegna nýtingar á landi og landsréttindum innan þjóðlendna.

Í lok árs gerðu svo Landsvirkjun og Rangárþing ytra með sér samkomulag um efnisnám og um fyrirkomulag á greiðslum fyrir efnistöku vegna fyrirhugaðs vindorkuvers við Vaðöldu, sem er innan þjóðlendu og á afrétti Rangárþings ytra. Samkomulagið var gert með samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Nánar er fjallað um ofangreint samkomulag í kafla 11 hér síðar í skýrslunni.

Færst hefur í vöxt að sveitarfélög geri samninga um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna í samráði við og með samþykki ráðuneytisins. Er þar einkum um að ræða skála og aðstöðu vegna áforma um uppbyggingu í tengslum við aukna ferðaþjónustu.

Í byrjun árs 2025 óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá þeim 36 sveitarfélögum þar sem þjóðlendur er að finna, um þær tekjur sem þau höfðu af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna á árinu 2024. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um ráðstöfun þeirra tekna af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna sem sveitarfélög öfluðu á árinu. Viðbrögð sveitarfélaganna við fyrirspurn ráðuneytisins og samanburð á tekjum og ráðstöfun þeirra á milli ára má sjá í töflu fjögur.

Af sveitarfélögunum svöruðu 22 þeirra fyrirspurninni, eða 61,1%. Alls höfðu 14 sveitarfélög engar tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna á árinu 2024, eða um 63,6%. Þá höfðu átta sveitarfélög tekjur innan þjóðlendna í einhverju formi eða 36,3%.

Tekjur sveitarfélaganna af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna námu 85.269.678 kr. á árinu 2024. Eins og sést í töflu fjögur eru tekjur sveitarfélaganna innan

þjóðlendna mismiklar, allt frá 128.018 kr. í Múlaþingi, rúmar 30 milljónir kr. í Sveitarfélaginu Ölfusi og um 32 milljónir kr. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tekjum af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna er að mestu leyti varið til endurbóta, umsjónar eða eftirlits innan þeirra, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Tekjur sveitarfélaganna af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna á síðasta ári voru nokkuð lægri en á árinu 2023 en þá námu tekjurnar 141.643.193 kr.

Tafla 4: Sveitarfélög: tekjur og ráðstöfun lands og landsréttinda á árinu 2024.

Sveitarfélag	Tekjur af nýtingu lands og landsréttinda	Ráðstöfun tekna af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	32.118.030 kr.	Engin svör.
Hrunamannahreppur	12.000.000 kr.	Vegaframkvæmdir: 6.000.000 kr. Deiliskipulag og lóðaumsýsla: 3.000.000 kr. Uppbygging í Svínárnesi: 3.000.000 kr.
Bláskógabyggð	Engin svör	Engin svör
Flóahreppur	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Grímsnes- og Grafningshreppur	551.992 kr.	Tekjunum var ráðstafað m.a. í smölun á þessu svæði og skemmdir í vegi lagfærðar vegna smölunar.
Sveitarfélagið Ölfus	30.766.489 kr.	Tekjunum var ráðstafað í hluta af vinnu starfsmanna á skipulagssviði, kostnað vegna breytinga skipulagi (greiðslur til verkfræðistofa o.fl. sérfræðinga), uppgræðslumál, stígagerð, fjallskil, búfjárefirlit, afreitagirðingar, beitarhólf, eftirlit og aðra umsýslu.
Rangárþing ytra	Engin svör	Engin svör
Rangárþing eystra	Engin svör	Engin svör
Ásahreppur	9.195.264 kr.	Fjármunirnir voru notaðir í eftirfarandi verkefni: 5.031.192 kr. fóru í keyptan áburð. 892.800 kr. fóru í að dreifa áburði. 225.000 kr. fóru í viðhald gönguleiða á afrétti. 45.520 kr. fóru í kostnað vegna

		skipulagsmála á skálasvæðum á afrétti. 2.349.436 kr. fóru í viðhald og rekstarkostnað vegna Halds á Holtamannaafretti og aðkomuvegar við hann. 2.599.818 kr. fóru í viðhald gangnamannaskála í Þóristungum. 2.308.245 kr. fóru í kostnað vegna fjallskila umfram útjöfnunar fjallskila. Hreppurinn eyddi því samtals, 13.452.011 kr. í verkefni tengd þjóðlendum.
Skaftárhreppur	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Mýrdalshreppur	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Sveitarfélagið Hornafjörður	Engin svör	Engin svör
Fljótshreppur	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Múlaþing	128.018 kr.	Þessum tekjum hefur ekki verið markvisst farið til ákveðinna verkefna, hvorki innan né utan þjóðlendunnar. Mætti þó segja að þær komi á móti þeim kostnaði sem fellur á embætti skipulags- og byggingarfulltrúa vegna svörunar erinda sem snúa að þjóðlendunni og mannvirkjum þar.
Vopnafjarðar-hreppur	Engin svör	Engin svör
Norðurþing	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Langanesbyggð (sameinað sveitarfélag Svalbarðshrepps og Langanes-byggðar)	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Þingeyjarsveit	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Fjallabyggð	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Dalvíkurbyggð	181.815 kr.	Tekjunum var ráðstafað á eftirfarandi hátt, girðingaefni 119.466 kr. og aðkeypt vinna 476.668 kr
Hörgársveit	Engin svör	Engin svör
Eyjafjarðarsveit	Engin svör	Engin svör

Skagafjörður (fyrrum Akrahreppur heyrir nú undir Skagafjörð)	Engin svör	Engin svör
Húnaþing vestra	Engar tekjur	Kostnaður sem hlýst af þremur fjallaskálum í þjóðlendum er 240.716 kr.
Húnabyggð (áður Blönduósbær, Húnavatns-hreppur og Skagabyggð)	328.070 kr.	Í brot af girðingum kringum þjóðlendurnar
Sveitarfélagið Skagatrönd	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Hafnarfjarðar- kaupstaður	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Kópavogsbær	Engin svör	Engin svör
Borgarbyggð	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Dalabyggð	Engin svör	Engin svör
Snæfellsbær	Engin svör	Engin svör
Grundarfjarðarbær	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Árneshreppur	Engin svör	Engin svör
Súðavíkurbreppur	Engin svör	Engin svör
Ísafjarðarbær	Engin svör	Engin svör
Reykholahreppur	Engar tekjur	Engin ráðstöfun
Samtals:	85.269.678	-

10. Samningur um lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar, vindorkuvers við Vaðöldu.

Hinn 14. ágúst 2024, var undirritaður samningur milli íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar, vindorkugarðs við Vaðöldu. Með samningnum veitir íslenska ríkið Landsvirkjun heimild til að reisa og reka vindorkuver á skilgreindu svæði sunnan Sultartangastíflu innan þjóðlendu. Landsvirkjun fær í því skyni tímabundinn afnotarétt að lands- og vindorkuréttindum á svæðinu en samningurinn gildir í 35 ár frá því að vindorkuverið hefur rekstur með mögulegri framlengingu einu sinni um 15 ár.

Samningurinn var gerður á grundvelli nýlegra breytinga á reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, sem byggja á breytingum á þjóðlendulögum sem samþykkt voru á Alþingi í vor. Með breytingunum er forsætisráðherra veitt heimild til að víkja frá auglýsingaskyldu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna til aðila sem þegar hefur afnotarétt eða annars konar réttindi á sama nýtingarsvæði, enda þjóni slík ráðstöfun markmiðum um sjálfbærni, þjóðhagslega hagkvæmni, orkuöryggi og sé í nánnum og eðlislægum tengslum við nýtingu sem fyrir er. Nánar er fjallað um reglugerðarbreytinguna í kafla 14 hér að neðan.

Íslenska ríkið og Landsvirkjun hófu viðræður til að ná fram samkomulagi um fjárhæð endurgjalds vegna vindorkuréttinda en þar skal m.a. taka mið af fyrirliggjandi fordæmum dómstóla, gerðardóma og matsnefnda um sambærileg orkunýtingarréttindi í íslenskum rétti. Einnig verður horft til ákvæða um endurgjald slíkra réttinda í öðrum samningum milli ríkisins

og Landsvirkjunar. Endurgjald fyrir landsréttindi og vegna efnisnáms skal miða við markaðsverð vegna sambærilegra réttinda.

Hafi aðilar ekki náð samkomulagi um fjárhæð endurgjalds fyrir lands- og vindorkuréttindi innan 90 daga frá útgáfu virkjunarleyfis er, samkvæmt samningnum, heimilt að vísa ákvörðun um endurgjald til sérstaks gerðadóms.

Íslenska ríkið og Landsvirkjun náðu ekki að koma sé saman um endurgjald vegna vindorkuréttinda við Búrfellslund. Beiðni hefur verið send til Héraðsdóms Reykjavíkur um að málið fari í gerðardóm sem hefur það hlutverk að ákvarða endurgjald fyrir lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar. Um málsmeðferð gerðadóms fer skv. lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma og er niðurstaða hans um endurgjald fyrir réttindi bindandi, fyrir báða aðila. Beiðni er eftir því að gerðardómur taki málið til meðferðar.

Búrfellslundur var færður í nýtingarflokk rammaáætlunar í júní 2022 en Landsvirkjun hóf undirbúning verkefnisins árið 2010. Gert er ráð fyrir að allt að 30 vindmyllur verði reistar í vindorkugarðinum og að uppsett afl verði um 120 MW.

Virkjunarleyfi vegna vindorkuversins var gefið út af Orkustofnun 12. ágúst sl. og fyrr það sama sumar samdi Landsvirkjun við Landsnet um flutning um tengingu vindorkuversins inn á raforkuflutningskerfið. Áætlanir gera ráð fyrir að orka frá Búrfellslundi verði farin að skila sér inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026.

11. Samkomulag um efnisnám og fyrirkomulag greiðslna fyrir efnisnám vegna vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslundur) á Þjórsársvæði innan Þjóðlendna.

Í lokárs 2024 gerðu Landsvirkjun og Rangárþing ytra með sér samkomulag um efnisnám og um fyrirkomulag á greiðslum fyrir efnistöku vegna fyrirhugaðs vindorkuvers við Vaðöldu, sem er innan Þjóðlendu og á afrétti Rangárþings ytra. Samkomulagið var gert með samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Heildarefnisþörf til fyllinga í plön og vegi er áætlað um 158.000 m³. Gert er ráð fyrir að allt efni sem fellur til við uppgröft af framkvæmdasvæðinu verði nýtt eftir því sem kostur er og viðbótar efni verði sótt í námur innan Þjóðlendu á afrétti Rangárþings ytra. Um er að ræða námu við Tungnaá sem er á aðalskipulagi Rangárþings ytra sem E70 (allt að 50.000 m³). Að auki er opnun eldri námu við Langöldu í Rangárþingi ytra í mats- og skipulagsferli og stefnt að sú náma verði aðgengileg um áramótin 2024/2025 (allt að 250.000 m³).

Heildarefnisþörf fyrir steinsteypu er áætlað um 22.500 m³. Gert er ráð fyrir að þetta efni verði sótt í námur innan Þjóðlendu og á afrétti Rangárþings ytra (E70). Magn steypuefnis er innfalið í áðurgreindum 50.000 m³ úr E70 námu. Sveitarfélagið Rangárþing ytra veitir tilskilin leyfi til efnistöku, með samþykki ráðuneytisins. Við árslok 2025 og við verklok skal fara fram endanlegt uppgjör miðað við endanlegt efnismagn.

12. Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, sem unnin er á grundvelli laga nr. 20/2016, er stefnumarkandi tólf ára aðgerðabundin áætlun sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun hinn 11. júní 2018. Samhliða stefnumarkandi

landsáætlun er í gildi verkefnaáætlun til þriggja ára, en þar eru settar fram tillögur að verkefnum á ferðamannastöðum, sem lagt er til að njóti stuðnings hverju sinni.

Markmið laganna er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar.

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn Landsáætlunar forgangsraðar verkefnum og gerir tillögu að stefnumarkandi tólf ára áætlun og þriggja ára verkefnaáætlun. Ráðherra umhverfismála skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tillögum. Í henni situr fulltrúi forsætisráðuneytis, fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, fulltrúi ferða- og menningarmála, fulltrúi menningarminja auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðgjafarnefnd er verkefnisstjórn til ráðgjafar og samráðs við undirbúning stefnumarkandi landsáætlunar til tólf ára.

Hinn 5. desember sl., gerði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, grein fyrir úthlutun fjármuna til uppbyggingar innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum. Úthlutað verður um 899 milljónum króna á þessu ári til uppbyggingar innviða. Gert er ráð fyrir um 2,7 milljarða króna framlagi til áætlunarinnar á næstu þremur árum.

Í Landsáætlun um uppbyggingu innviða er sett fram forgangsöröðun verkefna varðandi viðhald og bætt ástand staða sem eru undir álagi af völdum ferðamennsku. Áætluninni er einnig ætlað að stuðla að markvissri, vel ígrundaðri og heildstæðri uppbygging staða, svæða og leiða. Í skýrslu verkefnaáætlunar um Landsáætlun um uppbyggingu innviða má finna lista yfir verkefni næstu þriggja ára. Á áætlun árána 2024-2026 eru 102 verkefni á skilgreindum stöðum, svæðum og leiðum. Þar af eru 62 ný verkefni en verkefni á áætluninni lúta m.a. að göngustígum, bættum merkingum og umbótum á bílastæðamálum.

Fjöl mörg verkefni sem hlotið hafa styrk úr Landsáætlun eru í þjóðlendum, má þar nefna uppsetningu á upplýsingaskiltum og vegvísun á gönguleiðum í Friðlandi að Fjallabaki, gerð bílastæða við Halldórsgil, viðhald gönguleiða í Kerlingarfjölum, áframhaldandi gerð gönguleiða við Laugavegin (svokallaður Laugahringur) og uppbygging göngupalla á Hveravöllum.

13. Samantekt ráðuneytisstjóraráðs um jöklaferðir, í kjölfar banaslyss á Breiðarmerkurjökli.

25. ágúst 2024 hrundi ísveggur á Breiðarmerkurjökli með þeim afleiðingum að einn lést. Á fundi ríkisstjórnar 27. ágúst sl. var í kjölfarið ákveðið að koma á fót starfshópi ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og dómsmálaráðuneytis til að afla upplýsinga um banaslys sem varð í skipulagðri ferð í jöklaferð á Breiðarmerkurjökli sunnudaginn 25. ágúst. sl. og skoða öryggi í íshellaferðum almennt.

Starfshópurinn kallaði eftir skýrslum varðandi atvikið frá Ferðamálastofu og Vatnajökulsþjóðgarði og átti fundi með Veðurstofunni, Vatnajökulsþjóðgarði, Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Hornafjarðarbæ, Mýrdalshreppi, Bláskógabyggð, Borgarbyggð, Ferðamálasamtökum Austur- Skaftafellssýslu og Félagi fjallaleiðsögumanna. Samantekt ráðuneytisstjóraráðsins var kynnt á fundiríkisstjórnar 8. nóvember.

Í tillögum starfshópsins, sem í framhaldi þarfnast nánari útfærslu í samráði við haghafa, koma fram eftirfarandi ábendingar til úrbóta:

1. Öryggisáætlun ferðaðþjónustuaðila jöklaferða verði hluti leyfisveitingaferils
2. Auknar kröfur verði gerðar í samningum Vatnajökulsþjóðgarðs við ferðaðþjónustuaðila um menntun og reynslu leiðsögumanna
3. Sömu kröfur verði gerðar til ferðaðþjónustuaðila á þjóðlendum og í þjóðgörðum með nýtingarsamningum við sveitarfélög
4. Menntun leiðsögumanna verði betur tryggð innan menntakerfisins og/eða með stuðningi við Félag fjallaleiðsögumanna
5. Unnið verði áhættumat á jöklum sem nýtt verði til að meta áhættu í skipulögðum jöklaferðum
6. Haldin verði skrá um slys og óhöpp í ferðaðþjónustu.

Samantekt starfshópsins verður vísað til nánari úrvinnslu innan starfshóps á vegum menningar- og viðskiptaráðherra um bætt öryggi ferðamanna, en sá starfshópur tók til starfa í september á grundvelli þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 sem samþykkt var í júní 2024.

14. Breyting á lögum.

Lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 var breytt með lögum nr. 87/2024 (starfslok óbyggðanefndar o.fl.). Tilefni lagasetningarinnar var fyrst og fremst fyrirhuguð starfslok óbyggðanefndar. Þá gaf reynslan af framkvæmd þjóðlendulaga undanfarin ár tilefni til að huga að öðrum ákvæðum laganna.

Með lögum nr. 87/2024, var heiti laga nr. 58/1988 breytt í lög um þjóðlendur. Þá var kveðið á um nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að komi beiðni um endurupptöku máls eftir að óbyggðanefnd hefur lokið störfum þá skuli beina henni til ráðherra sem skipi þrjá menn í óbyggðanefnd til að fara með beiðnina.

Að auki var kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags. Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að kveða á um umfang auglýsingaskyldu við úthlutun afnotaréttar í þjóðlendum með reglugerð.

15. Reglugerð.

Með nýsamþykktum lögum um breytingu á þjóðlendulögum var bætt inn heimild ráðherra til að mæla fyrir um umfang auglýsingaskyldu vegna tímabundinna leyfa til að nýta land og landsréttindi í þjóðlendum í reglugerð.


Rökin fyrir þessara lagabreytingu eru þau, sbr. greinargerð með lögunum, að þótt auglýsing sé almenna reglan í stjórnáætlun við úthlutun réttinda yfir takmörkuðum gæðum á forræði hins opinbera er sú meginregla ekki undantekningalaus. Þvert á móti kunna málefnalegar ástæður að standa til þess að víkja frá auglýsingu í ákveðnum tilfellum, t.d. ef talið er ljóst að það þjóni best markmiðum um m.a. sjálfbærni, þjóðhagslega hagkvæmni og öryggi í tengslum við nýtingu landsréttinda í þjóðlendum að semja við tiltekinn aðila um afnotin án auglýsingar. Það gæti til að mynda átt við um úthlutun nýtingarkosts í þjóðlendu til aðila sem þegar hefði afnotarétt eða annars konar réttindi yfir öðrum nýtingarkostum á sama landsvæði og hefði eftir atvikum kostað uppbyggingu og rannsóknir vegna nýtingar á svæðinu. Þá kynni staðan að vera

sú að slík samlegðaráhrif væru milli nýtingarkostanna að beinast lægi við að semja beint um nýtingu við aðila í framangreindum sporum, í stað þess að efna til kostnaðarsams og tímafreks auglýsingaferlis sem sýnt þætti að myndi ekki skila annarri og hagfelldari niðurstöðu. Við slíkar aðstæður myndu grunnrök reglna um auglýsingu ekki eiga við, enda miða þær öðru fremur að því að ná fram sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir ríkið og almannahagsmunum, m.a. með tilliti til sjálfbærni og þjóðhagslegrar hagkvæmni.


Viðauki.

1. Yfirlitskort yfir þjóðlendur á svæðum 1–10A og 10C samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla.
2. Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu.
3. Dæmi um landspildublað (Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir).
4. Yfirlitskort yfir skála og fjarskiptamöstur innan þjóðlendna.
5. Yfirlitskort yfir vatns- og jarðhitanotkun innan þjóðlendna.
6. Háspennulínur og -strengir Landsnets innan þjóðlendna.
7. Aflstöðvar, stíflur og lón Landsvirkjunar og Orkuveiturnnar innan þjóðlendna.
8. Staða náma Vegagerðarinnar innan þjóðlendna.
9. Frágangur á námum Vegagerðarinnar innan þjóðlendna.


YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐLENDUMÁLA




YFIRLITSKORT YFIR SKÁLA OG FJARSKIPTAMÖSTUR INNAN ÞJÓÐLENDNA




HÁSPENNULÍNUR OG -STRENGIR LANDSNETS INNAN ÞJÓÐLENDNA



AFLESTÖÐVAR, STÍFLUR OG LÓN LANDSVIRKJUNAR OG ORKUVEITUNNAR INNAN ÞJÓÐLENDNA



STAÐA NÁMA VEGAGERÐARINNAR INNAN ÞJÓÐLENDNA



FRÁGANGUR Á NÁMUM VEGAGERÐARINNAR INNAN ÞJÓÐLENDNA

